

forseta Íslands



Morgunblaðið/Sverrir

Dómkirkjuna þar sem séra Hjálmar Jónsson
upphaf þingsetningar í gær.

Þú varð- ikann

Séra Hjálmar Jónsson

Trúin kemur ekki í stað skoðana á veraldarmálum

SÉRA Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur sagði m.a. í predikun sinni í Dómkirkjunni fyrir þingsetningu Alþingis í gær að stundum væri haft á orði að stjórnarlát væru óhrein og sérhagsmunabundin. „Rökræður og umræður stjórnarmála kunna stundum að gefa þá hugmynd að ágreiningur sé persónulegur og lítil yfirvegum sé í málflutningi og ákvarðanatöku. Eigi að síður hafa undramargir það á orði að pólitískt sé mannskemmandi. Slíkt er auðvitað fjarri sannni og öllu lagi.“



Sr. Hjálmar Jónsson

Enginn vettvangur samfélagsins er þó hafinn yfir gagnrýni en við verðum að gæta þess að rýnt sé til gagns og á sanngjörnum forsendum þannig að samfélagið njóti þess en gjaldið ekki. Þetta mættum við hugleiða og lagfæra, þingið og þjóðin, enda þótt vandinn sé hvorki einhlítur né einfaldur.“

Hjálmar sagði síðar að stjórnarmálin væru veraldlegar lausnir á sameiginlegum málum okkar. „Þau setja almennu reglurnar um lífið í landinu. En þau koma hins vegar ekki allri reglu á lífið. Það er annað verkefni – og annars konar. Eins og Kierkegaard komst að orði forðum þá er lífið hverjum manni verkefni sem hann verður sjálfur að leysa.“

Hjálmar sagði að trúin kæmi vissulega ekki í staðinn fyrir skoðanir á veraldarmálum eða afstöðu til veraldlegra efna. „Þegar slíkt gerist er alvara og hætta á ferðum. Á hinn bóginn er líka stórhættulegt að gera veraldarmálin að trúarbrögðum sínum, trú á heiminn og veraldarumsvifin. Það er leiðin til að tynast og tapast.“

Þingmenn og ráðherrar voru m.a. viðstaddir guðsþjónustuna í Dómkirkjunni í gær. Séra Hjálmar Þjónaði fyrir altari ásamt biskupi Íslands, Karli Sigurbjörnssyni, en Kári Þoromar organisti lék á orgel. Þá söng Dómkórinn við athöfnina.

Að guðsþjónustu lokinni gengu forseti Íslands, biskupinn yfir Íslandi, þingmenn og aðrir gestir til þinghússins, þar sem setning Alþingis fór fram.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. tekur til starfa í dag

Erlendir fjárfestar eiga fimmtung í félaginu og leggja til tvo stjórnarmenn

Formlegri sameiningu Búnaðarbanka Íslands og Kaupþings banka lauk í gær eftir að hluthafar hvors banka fyrir sig gáfu samþykki sitt. Gert er ráð fyrir samþykki Fjármálaeftirlitsins í dag.

ARÖÐ funda í gærdeg gekk sameining tveggja banka, Búnaðarbanka Íslands hf. sem stofnaður var árið 1929 og Kaupþings banka sem stofnaður var árið 1982, formlega í gegn. Til þess þurfti samþykki hluthafafundar í hvorum banka fyrir sig. Að því fengu þarf samþykki Fjármálaeftirlitsins sem gert er ráð fyrir að liggi fyrir í dag, þriðjudaginn 27. maí, sem jafnframt verður fyrsti starfsdagur sameinaðs banka. Bókhaldsleg sameining miðast við 1. janúar 2003.

Sameiginlegur banki heitir Kaupþing Búnaðarbanki hf. og nemur hlutur Kaupþings banka 57,77% en hlutur Búnaðarbanka Íslands 42,23%. Í máli fráfarandi stjórnarformanns Búnaðarbanka Íslands, Hjörleifs Jakobssonar, kom fram að miðað við hlut Búnaðarbankans í helstu kennitölum og stærðum bankanna og miðað við markaðsvirði auk annarra þátta sé það mat bankaráðs að skiptahlutfallið sé sanngjarnt fyrir hluthafa Búnaðarbankans.

Lokað verður fyrir viðskipti með hlutabréf Búnaðarbanka og Kaupþings í Kauphöll Íslands í dag sem og með bréf Kaupþings í Kauphöllinni í Stokkhólmi.

Erlendir hluthafar á bak við 20% hlutfjár

Alls standa erlendir hluthafar á bak við um 20% hlutfjár í Kaupþingi Búnaðarbanka hf., flestir frá Norðurlöndum, að því er fram kom á hluthafafundi sameinaðs banka.

Stærsti hluthafi í sameinuðum banka er Meidur ehf. með um 14% hlut. Meidur ehf. jók við hlut sinn í Kaupþingi banka í gær en félagið er í eigu Bakkabræðra Holding og sparisjóðanna. Næststærstan hlut í Kaupþingi Búnaðarbanka á Egla hf., um 9%, en það hlutfélag er í eigu þýska bankans Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA, Kers hf. og VÍS.

Sænskir hluthafar eiga svo þriðja stærsta hlutinn í bankanum, um 5-6%, en á bak við þann hlut er m.a. tryggingafyrirtækið Länssforsäkringar.

Einn greiddi atkvæði á móti

Samruni Búnaðarbankans við Kaupþing var samþykktur með tilskildum meirihluta atkvæða á síðasta hluthafafundi Búnaðarbanka Íslands í gær. Einn hluthafi greiddi atkvæði á móti en kaus að gera ekki grein fyrir atkvæði sínu eða upplýsa hversu stór hlutur hans var.

Hjörleifur Jakobsson, formaður bankaráðs Búnaðarbanka Íslands, sagði á hluthafafundinum að samruni bankans við Kaupþing myndi gerbreyta rekstri hans og raunar gerbreyta íslensku fjármálaumhverfi.

Hjörleifur sagði að straumhvörf hefðu orðið á íslenskum fjármála- markaði við einkavæðingu ríkisbankanna tveggja í vetur. Fyrsta verkefni nýs bankaráðs Búnaðarbanka eftir sölu á hlut ríkisins, sagði hann hafa verið að ákveða að hverjum eftirtalinn fjögurra þátta ætti að stefna. Í fyrsta lagi var að aðhafast ekkert og reka bankann áfram eins og verið hafði. Í öðru lagi var samruni við Íslandsbanka. Í því þriðja var samruni við Landsbanka Íslands og loks var samruni við Kaupþing.

Hjörleifur sagði það hafa verið mat stjórnenda bankans að samruni við Kaupþing væri skynsamlegastur fyrir margar sakir. Meðal annars skapaði slíkur samruni sterkasta stöðu á erlendum markaði, hann væri tiltölulega auðveldur í framkvæmd og Samkeppnisstofnun hefði líklegast ekkert við hann að athuga.

Hann sagði að 25. mars hefði Kaupþing óskað eftir viðræðum um samruna og 27. mars hefði bankaráð ákveðið að hefja viðræður við Kaupþing. Viðræðurnar hafi fyrst og fremst verið miðaðar við framtíðarsýn og uppbyggingu hins sameinaða banka, verðmætamat og skiptahlutföll.

Hann sagði rekstur bankanna falla vel saman og starfsemi skaraðist ekki mikið. Þar sem hún skaraðist væru þó miklir hagræðingarmöguleikar.

Aukin tækifæri fyrir starfsfólk bankans

Á hluthafafundi Kaupþings banka samruni bankans við Búnaðarbanka Íslands samþykktur einróma. Í máli Sigurðar Einarssonar, þáverandi stjórnarformanns Kaupþings banka og núverandi stjórnarformanns sameinaðs banka, kom fram að meginmarkmið sameiningarinnar hefði frá upphafi verið að búa til öflugan banka. Hann sagði viðskiptavinum, hluthafum og starfsfólki hagnast á samruna Búnaðarbanka og Kaupþings banka. Samþykkt var á fundinum að veita stjórn bankans heimild til að hækka hlutfélag um allt að tvo milljarða króna að nafnvirði.

Stjórnarformaðurinn sagði aukin tækifæri fyrir starfsfólk hjá Kaupþingi Búnaðarbanka þar sem stærri banki gæti tekið að sér fjölbreyttari verkefni. Hann hvatti hluthafa til að samþykkja tillögu um hækkan hlutfjár og sagði að áhersla yrði lögð á að hámarka hagnað hluthafa í nýjum banka.

Sigurður þakkaði sérstaklega Guðmundi Haukssyni og Geirmundi Kristinssyni, fyrrum stjórnarmönnum í Kaupþingi, fyrir þeirra störf. Hvorugur þeirra mun sitja í stjórn sameinaðs banka.

Tveir af núverandi stjórnarmönnum Búnaðarbankans, þeir Guðmundur Kristjánsson og dr. Michael



Morgunblaðið/Arnaldur

Hluthafar í Búnaðarbanka og Kaupþingi banka fjölmenntu til fundarsetu á Nordica-hótelu í gær. Allir vildu sameiningu nema einn.



Morgunblaðið/Arnaldur

Heldur hrátt er um að litast í nýju húsnæði Kaupþings Búnaðarbanka í Borgartúni enn sem komið er en flutt verður inn í nóvember.

Sautter, gefa ekki kost á sér til nýrrar stjórnar.

Engin kona í stjórn sameinaðs banka

Níu manns sitja í stjórn sameinaðs banka, þar af eru tveir búsettir erlendis. Engin kona situr í stjórn sameinaðs banka en ein kona á sæti í varastjórn.

Í stjórn Kaupþings banka sátu sjö menn áður og fimm í bankaráði Búnaðarbanka Íslands. Fjórir stjórnarmanna sameinaðs banka koma úr stjórn Kaupþings banka og þrjár sátu í bankaráði Búnaðarbanka Íslands. Sigurður Einarsson verður formaður stjórnar Kaupþings Búnaðarbanka hf. Einnig sitja í stjórninni Ásgeir Thoroddsen hrl., fyrrum varaformaður stjórnar Kaupþings, Gunnar Páll Pálsson, formaður VR, Tommy Persson, forstjóri Länssforsäkringar AB í Svíþjóð, sem báðir sátu í stjórn Kaupþings.

Af þeim sem áður sátu í bankaráði Búnaðarbanka Íslands taka Hjörleifur Jakobsson, forstjóri Óliúfélagsins hf., Finnur Ingólfsson, forstjóri VÍS, og Jón Helgi Guðmunds-

son, forstjóri BYKO, sæti í stjórn sameinaðs banka.

Tveir nýir stjórnarmenn bætast í hópinn; þeir Bjarnfreður Ólafsson, hdl. og eigandi lögmennsstofunnar Taxis, og Peter Gatti, framkvæmdastjóri Hauck & Aufhäuser í Þýskalandi.

Varastjórn er skipuð þremur fyrrum varamönnum í bankaráði Búnaðarbanka, þeim Guðmundi Hjaltasyni, forstjóra Kers, Jóni Þór Hjaltasyni, framkvæmdastjóra, og Þórði Magnússyni, MBA.

Þeir Panikos Joannou Katsouris, fjármálastjóri KFF í Englandi, og Hreinn Jakobsson, forstjóri Skýrr, sem áður voru varamenn í stjórn Kaupþings og Antonio Yerolemu, stjórnarformaður KFF á Englandi og fyrrum aðalmaður í stjórn Kaupþings, sitja einnig í varastjórn sameinaðs banka.

Til viðbótar sitja Hannes Smáráson, fjármálastjóri deCODE, Margeir Daniélfsson, framkvæmdastjóri Samvinnulífeyrissjóðsins, og dr. Julianna Borsos-Torstila, varaforstjóri Kaupþing Sofi í Finnlandi, í varastjórn bankans.

Meginmarkmið að veita betri þjónustu

STJÓRNARFORMAÐUR Kaupþings Búnaðarbanka hf., Sigurður Einarsson, sagði í samtali við Morgunblaðið í gær að meginmarkmið með sameiningu bankanna væri að veita betri þjónustu.

Spurður að því hvort nöfnum beggja bankanna verði haldið á lofti út á við segir Sigurður það vera aukaatriði. „Á öllum útibúum Búnaðarbankans verður merki Búnaðarbanka Íslands haldið. Aðalatriðið er að geta boðið upp á þjónustu sem er ekki lakari og helst betri en boðið er upp á í dag. Það er meginmarkmið og við teljum okkur ná því fram í þessari sameiningu.“

Sigurður segir að fyrir liggi að sameinaður banki muni fjárfesta frekar í Bretlandi og á Norðurlöndum en að of snemma sé að segja nánar frá þeirri útrás.

„Við erum með starfsstöðvar á ný mismunandi svæðum og það



Sigurður Einarsson

er ekki útilokað að þau verði fleiri. Við höfum margt að við ætlum að vera í Noregi líka og síðan að auka viðskiptamagn okkar í Bretlandi. Við erum að skoða fullt

af möguleikum erlendis en það er allt of snemma að segja til um hverjir þeir eru,“ segir Sigurður Einarsson.

Hann segir að þrátt fyrir ólfkan bakgrunn bankanna tveggja séu þeir hin fullkomna blanda. „Kaupþing er auðvitað ekki nema 20 ára gamalt fyrirtæki en Búnaðarbankinn er um 80 ára. Kaupþing hefur vaxið hraðar en allir aðrir. Fyrir fjórum árum vorum við minnstir á markaðnum en

fyrir sameininguna vorum við með mest eigið fé allra bankanna. Í verðbrefavíðskiptum hefur Kaupþing verið langstærst.“

Ekki bæði sleppt og haldið

Inntur eftir því hvort einhverjum verði sagt upp í kjölfar sameiningar segir Sigurður engar uppsagnir vera í bígerð. „Ég lýsti því yfir þegar sameiningin var fyrirhuguð að það væri ekki hægt að útiloka slíkt og við vorum gagnrýndir fyrir það. Mér fannst það miklu heidarlegra að segja það heldur en að það kæmi í bak við fólk nokkrum mánuðum síðar. Ég segi það sama núna, það eru ekki í bígerð nein- ar frekari uppsagnir. Eðli málsins samkvæmt, ef menn vilja ná hagkvæmara bankakerfi er ekki hægt að bæði halda og sleppa í því efni,“ segir Sigurður Einarsson.